

Rímaskóli
Saga, menning, samfélag

Byltíng!

1700 - 1900

Spurníngar

Baldur A. Sigurvínsson

Nemandi: _____ *Bekkur:* _____

Efnisyfirlit

5. Rússland, Kína, upplýsingastefnan, landbúnaðarbylting, Bandaríkin	3
Rússneska keisaradæmið (bls. 144-145)	3
Mansjúveldið í Kína (bls. 146-147)	3
Upplýsingastefnan (bls. 148-149).....	4
Landbúnaðarbyltingin (bls. 150-151)	5
Austurríki og Prússland (bls. 152-153)	5
Frelsisstríð Bandaríkjanna (bls. 154-155).....	6
6. Íslenskt samfélag á 17. öld	7
Dreifbýlissamfélagið á Íslandi (bls. 231-236).....	7
Íbúar Íslands um 1700 (bls. 236-240).....	8
Íslenskur búskapur (bls. 241-244)	8
Aðbúnaður (bls. 244-248)	9
7. Einokunarverslunin og Tyrkjaránið	10
Ríkisvald á Íslandi fyrir 1662 (bls. 282-286).....	10
Einokunarverslun (bls. 286-290)	10
Tyrkjarán á Íslandi (bls. 298-301)	11
8. Einveldið, Innréttingarnar og Skaftáreldar	12
Einveldi á Íslandi (bls. 304-308).....	12
Innréttingar á Íslandi (bls. 314-318).....	12
Mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar (bls. 318-322).....	13
Reykjavík verður stjórnsýslumiðstöð (bls. 322-324)	13
Íslendingar læra að lesa (bls. 343-345)	13
Upplýst refsistefna á Íslandi (bls. 345-349).....	14
9. Franska byltingin, Eyjaálfa, Napóleon Bónaparte	15
Franska byltingin (bls. 156-157)	15
Landnám Eyjaálfu (bls. 158-159).....	16
Napóleon (bls. 160-162).....	16
Sjálfstæði Suður-Ameríku (bls. 162-163)	17
10. Iðnbyltingin, ólga í Evrópu, könnun Afríku, nýlendur í Asíu, Breska heimsveldið	18
Iðnbyltingin (bls. 164-165)	18
Ólga í Evrópu (bls. 166-167)	18
Könnun Afríku (bls. 168-169)	18
Nýlendustofnun í Asíu (bls. 170-171).....	19
Breska heimsveldið (bls. 172-173)	19
11. Bandaríska borgarastyrjöldin, Indíánar, sameiningarferli á Ítalíu og Þýskalandi, nýlendukapphlaup um Afríku	20
Bandaríska vestrið (bls. 174-175).....	20
Bandaríska borgarastyrjöldin (bls. 176-177)	20
Frumbyggjar Ameríku (bls. 178-179).....	20
Sameining Ítalíu (bls. 180-181).....	21
Sameining Þýskalands (bls. 180-181)	21
Kapphlaupið um Afríku (bls. 182-183)	21

5. Rússland, Kína, upplýsingastefnan, landbúnaðarbylting, Bandaríkin

Rússneska keisaradæmið (bls. 144-145)

1. Hvernig er Rússlandi lýst fyrir tíma Péturs mikla og hver var staða ríkisins eftir hans daga?

2. Hvað gerði Pétur til að læra hvernig ætti að þróa Rússland áfram?

3. Hvað gerði Pétur síðan þegar hann kom heim til Rússlands aftur?

4. Árið 1721 lauk stríði Péturs mikla við eina af nágrannaþjóðum sínum og hafði af þeim lönd, hvað hét þessi óvinþjóð og hvaða lönd vann hann af þeim?

5. Hvaða þjóðfélagsstétt hafði það verr eftir því sem leið á valdatíma Péturs?

6. Í hvaða landi fæddist Katrín 2. mikla og hvenær tók hún við völdum í Rússlandi?

7. Í stríð við hvaða nágrannaþjóðir sínar lét Katrín Rússland fara í?

Mansjúveldið í Kína (bls. 146-147)

8. Hvaða ætt stjórnaði í Kína frá 1368 til 1644?

9. Hvaða þjóðflokkur komst þá til valda og hvað hét sú ætt þeirra sem tók sér keisaratign?

10. Hvaða augum litu Mansjúmenn á Kínverja og hvað skipuðu þeir þeim að gera?

11. Hvernig vegnaði Kína á valdatíma Qingkeisara (ítarlegt svar)?

12. Hvernig var samskiptum Kínverja háttað við Breta og aðra Evrópumenn?

13. Hvaða afleiðingar hafði það fyrir Kína?

Upplýsingastefnan (bls. 148-149)

14. Upplýsingastefnan hafði nýstárlegar hugmyndir um samfélagið, á hvaða sviðum voru þær hugmyndir?

15. Hvaða fræðigreinar spruttu upp í kjölfar upplýsingastefnunnar?

16. Hvaða fræðigrein átti einna helst eftir að breyta hugsunarhætti manna?

17. Tveir Frakkar voru áberandi kenningasmiðir á upplýsingatímanum, hvað hét þeir og hvað voru þeir að gagnrýna?

18. Tvær byltingar skulu á í kjölfar upplýsingastefnunnar sem voru undir sterkum áhrifum hennar, hvaða byltingar voru það?

Landbúnaðarbyltingin (bls. 150-151)

19. Hvað er átt við með sjálfspurftarbúskap?

20. Fólksfjölgun og stækkun borga kallaði á byltingu í landbúnaði, hvað er það helsta sem breyttist?

Austurríki og Prússland (bls. 152-153)

21. Hvenær komst María Teresía til valda í Austurríki og hvað tókst henni að gera með landið?

22. Hvaða ætt var ein sú valdamesta í Evrópu á 16., 17. og 18. öld?

23. Hvað hét einn þekktasti listamaðurinn sem naut góðs af dekri Maríu Teresíu við listamenn?

24. Hvenær komst Friðrik 2. mikli til valda í Prússlandi og hvernig var staða ríkisins á hans tíma?

25. Friðrik herkonungur háði margar orrustur, hver er talin sú frægasta, við hverja var barist, hver vann og hvenær var hún háð?

26. Bæði María Teresía og Friðrik störfuðu í anda hins upplýsta einvalds, hvaða nafn ber stefnan sem hugmyndirnar koma frá?

Frelsisstríð Bandaríkjanna (bls. 154-155)

27. Hvað voru bresku nýlendurnar margar í Ameríku árið 1750 og hvað bjuggu þar margir íbúar af evrópskum uppruna?

28. Hvenær hófst Bandaríska frelsisstríðið og hvar urðu þessi fyrstu átök?

29. Hver var leiðtogi uppreisnarmanna/Bandaríkjamanna (fullt nafn)?

30. Hvaða Evrópuþjóð einkum studdi Bandaríkjamenn og lagði þeim til hergögn, herföngja og hermenn?

31. Hvenær var bandaríska Sjálfstæðisyfirlýsingin undirrituð?

32. Hvaða hlutar Sjálfstæðisyfirlýsingarinnar voru í anda upplýsingastefnunnar?

6. Íslenskt samfélag á 17. öld

Dreifbýlissamfélagið á Íslandi (bls. 231-236)

1. Hvernig var fyrirkomulag þéttbýlis háttað í Evrópu?

2. Hvernig var fyrirkomulag þéttbýlis háttað á Íslandi?

3. Í textanum er því haldið fram að Íslendingar hafi frekar verið hirðingjar en bændur, hvers vegna er því haldið fram?

4. Hvað hét mesta útstöðin á Íslandi fram á 18. öld og hvar á landinu var hún staðsett?

5. Hvað komu í þessa útstöð margir sjómenn á vertíðum?

6. Hvað hétu bústaðir sjómanna á þessum útstöðum?

7. Hver var helsti þéttbýlisstaður landsins árið 1703?

8. Hvers vegna varð engin þéttbýlismyndun á Íslandi eins og í Evrópu (þrjú atriði)?

9. Hvaða hagkvæmnisrök hafa komið fram til að réttlæta stöðnunina í samfélagsþróuninni á Íslandi?

Íbúar Íslands um 1700 (bls. 236-240)

10. Hvaða ár var fyrsta vandaða manntalið gert á Íslandi og hverjir gerðu það?

11. Hvaða atvinnugrein unnu langflestir landsmenn við árið 1703?

12. Hvað sýndi manntalið varðandi stéttaskiptinguna á Íslandi?

13. Hvers vegna kom aldrei upp sami mállýskumunur á Íslandi eins og í Evrópu?

Íslenskur búskapur (bls. 241-244)

14. Hvernig fóru Íslendingar að því að lifa af hér á harðbýlu landi miðað við landbúnaðartækni þessa tíma?

15. Hvaða vörur fluttu Íslendingar einkum út og hvaða vörur fluttu þeir inn í landið?

Aðbúnaður (bls. 244-248)

16. Í hvernig húsum bjuggu Íslendingar á 18. öld?

17. Hvernig voru torfhúsin?

18. Hvernig voru svefnsiðir manna?

19. Úr hvaða efnum voru föt langflestra landsmanna á 18. öld?

7. Einokunarverslunin og Tyrkjaránið

Ríkisvald á Íslandi fyrir 1662 (bls. 282-286)

1. Í hvaða þrjá þætti er ríkisvaldi oft skipt niður í?

2. Hvað hét æðsta embætti yfirvalds konungs á Íslandi og hvað var hann stundum kallaður?

3. Hvert var hlutverk sýslumanna?

4. Hvernig stjórnkerfi var sagt hafa verið í grundvallaratriðum á Íslandi?

Einokunarverslun (bls. 286-290)

5. Af hverju ætli eftirmenn Hans Danakonungs hafi lagt niður þá stefnu að leyfa útlendum kaupmönnum að sigla óhindrað til Íslands?

6. Hvaða stefnu tók Danakonungur í verslunarmálum Íslendinga á síðari hluta 16. aldar?

7. Útskýrið eftirfarandi verslunarfyrirkomulag einokunartímans:

- a. Umdæmaverslun (kaupsvæðaverslun):

b. Konungsverslun:

8. Hvaða áhrif hafði einokunarverslunin á efnahag Íslendinga?

9. Hvenær var einokunarverslunin afnumin og hvað hafði hún þá staðið lengi?

Tyrkjarán á Íslandi (bls. 298-301)

10. Hvaða ár kom sjóræningjafloiti frá Alsír og Marokkó til að ræna fólki og rupla á Íslandi og hvað voru þetta mörg skip?

11. Hvað hét Íslendingur sá sem hafði þjónað í danska sjóhernum og hvaða skoðanir hafði hann á viðbrögðum danskra yfirvalda við komu sjóræningjanna til Bessastaða?

12. Hvaða staður á Íslandi varð einna verst fyrir barðinu á sjóræningjunum og hvað handtóku sjóræningjarnir marga Íslendinga þar?

8. Einveldið, Innréttingarnar og Skaftáreldar

Einveldi á Íslandi (bls. 304-308)

1. Hvað samþykktu Íslendingar árið 1662?

2. Hvern sendi Noregskonungur til Íslands til að stjórna erfðahyllingunni hér?

3. Hvar var fundurinn haldinn?

4. Hvað breyttist í embættismannakerfinu á Íslandi tuttugu árum eftir að einveldinu var komið á?

Innréttingar á Íslandi (bls. 314-318)

5. Hver varð fyrsti íslenski landfógetinn og hvenær varð hann það?

6. Hvað gerði Skúli Magnússon til þess að freista þess að bæta úr fátæktinni sem var þá landlæg á Íslandi?

7. Segðu frá helstu starfsemi Innréttinganna í Reykjavík.

8. Hvar bjó Skúli Magnússon og hvað var sérstakt við húsið sem hann bjó í?

9. Af hverju ætli Innréttingarnar hafi ekki gengið eins og vonast var eftir og hvað fór úrskeiðis í rekstrinum?

10. Hvaða áhrif höfðu Innréttingarnar á Reykjavík?

Mestu náttúruhamfarir Íslandssögunnar (bls. 318-322)

11. Hvað voru Skaftáreldar?

12. Hvað voru móðuharðindi?

Reykjavík verður stjórnsýslumiðstöð (bls. 322-324)

13. Hvenær var Alþingi lagt niður og hvað kom í staðinn?

14. Hvaða þrjár embættisstofnanir voru fluttar til Reykjavíkur í upphafi 19. aldar?

15. Hvað sýndi manntalið árið 1834 að bjuggu margir í Reykjavík?

Íslendingar læra að lesa (bls. 343-345)

1. Hvaða stefna vildi bæta og auka kristna trú fólks?

2. Hvaða bók undir áhrifum heittrúarstefnunnar var vinsælust hér fram á 19. öld?

3. Hvaða áhrif hafði áhersla heittrúarstefnunnar á Íslandi á lestrarkunnáttu landsmanna?

4. Hvaða áhrif hafði aukin lestrarkunnátta á embættismannakerfið?

5. Hvaða áhrif hafði upplýsingastefnan á refsikerfið á Íslandi?

Upplýst refsistefna á Íslandi (bls. 345-349)

6. Árið 1751 var innleidd breyting á málsmeðferð fyrir dómstólum og nýtt embætti stofnað, hvað hét það?

7. Hvað hét fyrsta fangelsið á Íslandi og hvaða opinbera stofnun er þar til húsa í dag?

9. Franska byltingin, Eyjaálfa, Napóleon Bónaparte

Franska byltingin (bls. 156-157)

1. Í hvað margar stéttir skiptust Frakkar og flestir Evrópubúar á 18. öld og hvaða stéttir sluppu við að borga skatta?

2. Hvers kröfðust borgararnir á stéttapönginu í Versölum 1789?

3. Hvernig brugðust borgararnir við neitun konungs á kröfum sínum?

4. Hvaða bygging hefur einkum verið tákn fyrir kúgun valdastéttanna í Frakklandi?

5. Hvað fólst í mannréttindayfirlýsingunni frá 1789?

6. Hvað varð þess valdandi að Frakkakonungur var líflátinn 1793?

7. Hver voru einkunnarorð frönsku byltingarsinnanna?

8. Hvaða gamla stjórnarfyrikomulag var lagt niður í byltingunni og hvað heitir nýja stjórnarfyrikomulagið?

9. Hver varð leiðtogi Frakka á tímum ógnarstjórnarinnar og hver urðu örlög hans?

Landnám Eyjaálfu (bls. 158-159)

10. Hver varð fyrstur Evrópubúa til að stíga á land í Ástralíu?

11. Hvaða Evrópuríki stofnaði nýlendu í Ástralíu og hver var tilgangur hennar?

12. Hver urðu örlög James Cooks?

13. Lýstu hlutskipti frumbyggja í Ástralíu og Nýja Sjálandi eftir að Evrópubúar hófu landnám á landi þeirra?

Napóleon (bls. 160-162)

14. Hvað var Napóleon gamall þegar hann innritaðist í franska herinn?

15. Hvaða ár var Napóleon kosinn keisari?

16. Hvaða þjóð Evrópu fjandskapaðist einkum við Napóleon?

17. Hvaða merku lögbók samdi Napóleon?

18. Hvað heitir ein frægasta sjóorrusta milli Frakka og Breta og hvaða ár átti hún sér stað?

19. Hvað heitir ein frægasta orrusta Napóleons og hvaða þjóðir byðu þar ósigur?

20. Í örlagaríkri innrás Napóleons í Rússland, hversu marga hermenn hafði hann í upphafi og hversu margir voru eftir þegar hann komst til baka?

21. Hvað heitir orrustan í Belgíu sem varð til þess að Napóleon missti aftur völdin og hvaða ár átti hún sér stað?

Sjálfstæði Suður-Ameríku (bls. 162-163)

22. Hvernig var þjóðfélagsskiptingin í Suður-Ameríku eftir komu Spánverjanna?

23. Hvað hét leiðtogi sjálfstæðissinna í Suður-Ameríku?

24. Hvers vegna gerðu Spánverjar í Ameríku uppreisn gegn yfirráðum Spánarkonungs?

10. Iðnbyltingin, ólga í Evrópu, könnun Afríku, nýlendur í Asíu, Breska heimsveldið

Iðnbyltingin (bls. 164-165)

1. Hvenær hófst iðnbyltingin og í hvaða landi?

2. Hvaða tvær uppfinningar urðu hvatar að iðnbyltingunni?

3. Hvernig voru aðstæður verkafólks á þessum upphafsárum iðnbyltingarinnar?

Ólga í Evrópu (bls. 166-167)

4. Hvaða aðstæður sköpuðu óróa í Evrópu í lok Napóleonsstyrjaldanna?

5. Hvaða atburðir urðu í Evrópu 1830?

6. Hvaða atburðir urðu í Evrópu 1848?

Könnun Afríku (bls. 168-169)

7. Hvaða áhrif hafði upplýsingastefnan á könnun Afríku?

8. Hvar í Afríku var fjölmennasta nýlandan og hvaðan komu flestir evrópsku landnámsmennirnir?

Nýlendustofnun í Asíu (bls. 170-171)

9. Hver var auðugusta nýlendan í Asíu og hverjir fengu yfirráð yfir henni?

10. Hvar voru nýlendur Hollendinga?

11. Hvar voru nýlendur Frakka?

Breska heimsveldið (bls. 172-173)

12. Hver var staða Bretlands við valdatöku Viktoríu drottningar 1837?

13. Hvaðan kom rótin að auði Bretlands og hvað lögðu þær til efnahags ríkisins?

14. Hvaða mannvirki auðveldaði siglingar milli Asíu og Evrópu eftir 1869?

11. Bandaríska borgarastyrjöldin, Indíanar, sameiningarferli á Ítalíu og Þýskalandi, nýlendukapplaup um Afríku

Bandaríska vestrið (bls. 174-175)

1. Af hverju voru Bandaríkin svona heillandi fyrir fátæka alþýðu í Evrópu?

2. Af hvaða ríki hertóku Bandaríkjamenn landsvæði og hvaða heita þessi fylki í dag?

3. Hvaða æði greip marga Bandaríkjamenn 1848 og 1862?

Bandaríska borgarastyrjöldin (bls. 176-177)

4. Hverjar voru rætur bandarísku borgarastyrjaldarinnar, þ.e. hver var munurinn á efnahag Norðurríkjanna og Suðurríkjanna?

5. Hver var forseti Bandaríkjanna á þessum tíma?

6. Hvað stóð borgarastríðið lengi?

Frumbyggjar Ameríku (bls. 178-179)

7. Hvaða afleiðingar hafði koma Evrópubúa til Ameríku fyrir frumbyggja álfunnar og hvað orsakaði hana einkum?

8. Hvaða Indíanþjóðflokkur stóð einkum uppi í hárinu á bandaríska hernum á Sléttunum miklu?

9. Hvaða frægu orrustu unnu Sjeyennar og Súar á bandaríska hernum?

Sameining Ítalíu (bls. 180-181)

10. Hvað heitir frægasta þjóðhetja Ítala úr stríðinu til að sameina Ítalíu?

11. Hvaða ár var Ítalía lýst sameinað konungsríki?

Sameining Þýskalands (bls. 180-181)

12. Hvað hét jánkansli Þýskalands og hvað gerði hann fyrir sameiningu Þýskalands?

13. Hvaða héruð í Frakklandi innlimuðu Þjóðverjar í ríki sitt og hvaða tungumál töluðu íbúarnir?

14. Hver var staða Þýskalands eftir þá sameiningu?

Kapphlaupið um Afríku (bls. 182-183)

15. Hvaða þjóð náði undir sig flestum nýlendum í Afríku?

16. Hvaða hlutverki gegndu nýlendurnar fyrir efnahag Evrópu?

17. Hvert var hlutskipti innfæddra Afríkubúa?
